



Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

13. maí 2015
Tilvísun: 2015010293

Efni: Umræðuskjal nr. 4/2015, drög að reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 4/2015. Skjalið inniheldur drög að reglum um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Með þessu dreifibréfi er viðtakendum gefinn kostur á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu eftirlitsins, www.fme.is.

Með nýju reglunum er upplýsingagjöf vegna ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samræmd við evrópskar kröfur í samræmi við tilskipun 2009/65/EB (UCITS IV). Við gerð reglnanna var stuðst við sambærilegar reglur í Írlandi og Lúxemborg. Við gildistöku reglnanna fellur úr gildi B-hluti reglna um reikningsskil verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, nr. 97/2004, ásamt þeim viðaukum reglnanna sem byggir á þeim hluta.

Við endurskoðun reglnanna var ákveðið að gera engar breytingar á þeim reglum sem gilda um mat á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, þar sem reglur um efnið er þegar að finna í nýlegri reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, nr. 1166/2013. Sú óheppilega staða gæti þá komið upp að ólíkar matsreglur væru í gildi á sama tíma í tvennum réttarheimildum. Fjármálaeftirlitið er þó tilbúið að vinna að breytingum á ákvæðum um matsreglur umræddrar reglugerðar í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Óskað er umsagna um hvort breytinga sé þörf á matsreglum í dálkinn: *Almenn umsögn* í umsagnareyðublaðinu.

Að mati Fjármálaeftirlitsins kemur til greina að reglurnar gildi fyrir reikningsskilaárið 2015 eða árið 2016. Óskað er eftir umsögnum rekstrarfélaga verðbréfasjóða um það atriði, og skal tiltaka í umsögn við gildistökuákvæðið hvor niðurstaðan væri æskilegri. Vakni spurningar vegna þessa erindis er viðtakendum bent á að hafa samband við Kristján Andrésón í netfangið kristjanand@fme.is og Hjálmar Brynjólfsson í netfangið hjalmar@fme.is.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Halldóra E. Ólafsdóttir


Kristján Andrésón